

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

FUNDARGERÐ

140. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 19. desember 2016 kl: 10 var haldinn símafundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Eybór Garðarsson (EG), varaformaður
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Sigrún Guðmundsdóttir (SG)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnildur Sigurðardóttir (RS)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Ingibjörg Valdimarsdóttir formaður bauð fundarmenn velkomna að símtækjunum og var síðan gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun 2017.- Samþykki sveitarfélaga.

Formlegt samþykki hefur borist frá Snæfellsbæ og Akranesi. Engar athugasemdir hafa borist frá sveitarfélögunum á Vesturlandi.

Lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá nýrri gjaldskrá og senda til Stjórnartíðinda.

2. Samningur við Motus vegna innheimtu gjalda. Endurnýjun samnings.

Afgreiðslu frestað. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Motus í samræmi við umræður á fundinum.

3. Gjaldskrár sveitarfélaga á Vesturlandi:

Akranes.

-Gjaldskrá vegna hundahalds 2017.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 782/2010.

-Gjaldskrá vegna kattahalds 2017.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald á Akranesi nr. 782/2010.

-Gjaldskrá vegna sorpgjalda 2017.

Heilbrigðisnefndin telur að efnisatriði gjaldskrárinnar séu í fullu samræmi við ákvæði samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Akranesi nr. 1231/2005 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerir því ekki athugasemdir við hana.

Hvalfjarðarsveit.

-Gjaldskrá vegna sorphirðu og urðun sorps.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

- Gjaldskrá um hreinsun rotþróa

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt nr. 583/2008 um fráveitur í Hvalfjarðarsveit.

Snæfellsbær.

–Gjaldskrá um sorphirðu.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd hvetur sveitarfélagið til að setja samþykkt um meðhöndlun úrgangs þ.m.t. sorphirðu og er reiðubúin að aðstoða við þá vinnu.

-Gjaldskrá um hunda- og kattahald.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hunda og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007.

Heilbrigðisnefnd er kunnugt um að ný hunda- og kattasamþykkt hafi verið send til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis á árinu 2013 en ekki fengið afgreiðslu þar.

Heilbrigðisnefndin vill af því tilefni benda á að gildandi samþykkt þarfnast ýtarlegrar endurskoðunar við og er heilbrigðisnefnd reiðubúin að aðstoða Snæfellsbæ við breytingar á henni.

Stykkishólmur.

–Gjaldskrá um sorphirðu og sorpeyðingu.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt nr. 50/2012 um meðhöndlun úrgangs í Stykkishólmi.

Borgarbyggð.

–Gjaldskrá um hreinsun og tæmingu rotþróa.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007.

Heilbrigðisnefndin bendir á að full þörf sé á endurnýjun samþykktarinnar og býður fram aðstoð sína við frumdrög að endurnýjaðri samþykkt.

-Gjaldskrá um hunda- og kattahald.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hunda- og kattahald í Borgarbyggð nr. 107/2008.

Heilbrigðisnefndin bendir á að full þörf sé á endurnýjun samþykktarinnar og býður fram aðstoð sína við frumdrög að endurnýjaðri samþykkt.

-Gjaldskrá um söfnun, förgun og móttöku og flokkun sorps.

Heilbrigðisnefndin gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við fyrirliggjandi gjaldskrá enda er hún í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 295/2007.

Grundarfjörður.

-Gjaldskrá um hundahald

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og samþykktar nr. 1194/2011 um hundahald í Grundarfirði.

-Gjaldskrá um kattahald.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fór yfir umrædda gjaldskrá og telur að hún sé í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og samþykktar nr. 368/2006 um kattahald í Grundarfirði.

Heilbrigðisnefndin hvetur bæjarstjórn til að endurskoða og samþykkja nýja samþykkt um kattahald sem tekur mið af breytingum sem komið hafa fram í laga- og reglugerðarumhverfi um kattahald. Heilbrigðisnefndin er tilbúin að koma að þeirri vinnu með bæjarstjórn.

4. Bréf frá eiganda Melaleitis, dags. 31. okt´16, um eftirlit með þauleldisbúi Stjörnugriss á Melum.

Lögð fram drög að svari.

Nefndin samþykkir fyrirliggjandi svarbréf og framkvæmdastjóra falið að ganga frá bréfi til fyrirspyrjanda í samræmi við umræður á fundinum. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að fá upplýsingar frá Matvælastofnun um fjölda dýra á búinu og hvort að salmonella hafi greinst í sýnum frá búinu frá árinu 2009 til þessa dags.

5. Starfsleyfi

-Aðveitustöð Veitna ohf, Smiðjuvöllum 24, Akranesi – Nýtt leyfi, ný staðsetning.

-Tímabundið og skilyrt starfsleyfi fyrir sölu kjötafurða frá fangelsinu Kvíabryggju.- Nýtt.

-Heimamarkaður matvæla, Pakkhúsinu Ólafsvík. Áttthagastofa Snæfellsbæjar. Tímabundið leyfi.

-Heiðarskóli, Hvalfjarðarsveit. Nýtt skólahús, endurnýjað leyfi.

-Matvælamarkaður Garðalundi, Akranesi. Fundið fé ehf. Tímabundið leyfi.

Heilbrigðisnefndin staðfestir ofangreind starfsleyfi.

-Vatnsveita Stykkishólms. Veitur ohf. Endurnýjun leyfis og breytt vatnsverndarsvæði.

Heilbrigðisnefnd staðfestir starfsleyfið og samþykkir framlögð gögn vegna fjarsvæðis vatnsverndar við vatnsból í Svelgsárhrauni. Staðfesta þarf þessa breytingu af sveitarstjórn Helgafellssveitar við næstu endurskoðun aðalskipulags.

6. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

-Víðgelmir, Fljótstunga. Þjónustuhús/veitingar fyrir ferðamenn.- Nýtt leyfi.

-Gistihúsið Langaholt ehf., Ytri Görðum, Snæfellsbæ. Ný gistiálma. Breytt og nýtt leyfi.

-Olíuverzlun Íslands, Esjubraut 45, Akranesi. Veitingastaður. – Endurnýjun

-Brekustígur 7, Hellnum, Snæfellsbæ. Gisting, íbúð. – Nýtt.

-Bárðarás 20, Hellissandi. Gisting, íbúð. – Nýtt.

Heilbrigðisnefndin staðfestir ofangreindar umsagnir.

7. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

-Félagsheimilið Logaland, Reykholtstal, Gleðifundur Ungmennafélags Reykdæla 26. nóvember s.l.

-Íþróttahúsið Vesturgötu, jólahlaðborð Starfsmannafélags HB-Granda 3. desember s.l.

Lagt fram

8. Brennuleyfi.

Brenna Tíðarmelum Reykholti, Borgarbyggð 31.12 n.k

Brenna við Vatnsás Stykkishólmi, 31.12. n.k

Brenna í Hrafnkelsstaðabotni Grundarfirði, 6.01.´17

Brenna á Breiðinni Snæfellsbæ, 31. 12. n.k

Brenna á Varmalandi, Borgarbyggð 2.01´17

Brenna á Hvanneyri, Tungutúnsborg, Borgarbyggð 31.12. n.k

Heilbrigðisnefndin staðfestir ofangreind leyfi. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá öðrum brennuleyfum/umsögnum um brennuleyfi í samræmi við ofangreind leyfi.

9. Tóbakssöluleyfi- Gildir í 4 ár.

N1 hf., Brúartorgi, Borgarnesi.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreint leyfi.

10. Aðrar umsagnir

-Hvalfjarðarsveit, Hurðarbak, Svínadal. Umsögn send Skipulagsstofnun vegna tillögu um matsáætlun vegna stækkunar kjúklingabús Matfugls á Hurðarbaki.

-Hvalfjarðarsveit, Hótel Hafnarfjall. Umsögn send skipulagsfulltrúa vegna deiliskipulagstillögu fyrir Hótel Hafnarfjall.

- Stykkishólmur, St. Franciskusspítalinn. Umsögn send byggingarfulltrúa vegna stöðuleyfis fyrir 1100 lítra olíugeymi og fjarlæging eldri geymis við sjúkrahúsið.

- Stykkishólmur, Aðalgata 3. Umsögn send byggingarfulltrúa vegna breyttra teikninga og stækkunar húsnæðis veitingastaðar á Aðalgötu 3.

-Grundarfjörðu, áningarstaður við Kolgrafarfjörð. Umsögn send Grundarfjarðarbæ vegna lýsingu á deiliskipulagi vegna áningarstaðar við Kolgrafarfjörð.

-Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. Umsögn send ráðuneyti vegna draga að nýrri reglugerð um heimagistingu og fleira.

-Dalabyggð, Ólafsdalur. Umsögn send byggingarfulltrúa vegna deiliskipulagstillögu fyrir Ólafsdal.

- Borgarbyggð, Stuttárbotnar Húsafelli. Umsögn send skipulagsfulltrúa vegna nýs deiliskipulags.

-Dalabyggð. Umsögn send byggingarfulltrúa vegna hugmynda að brennu- og skoteldasvæðis í Búðardal.

Lagt fram.

11. Önnur mál

Ákvörðun matskyldu fyrir GMR Grundartanga.

Breyting á úrgangisleyfi GMR. Skipulagsstofnun telur að breytingin sé háð mati á umhverfisáhrifum sbr. ákvörðun stofnunarinnar í bréfi dags.1. desember 2016.

Lagt fram.

Loftgæði á Íslandi. Umhverfi og heilsa. Skýrsla til Alþingis frá Ríkisendurskoðun (desember 2016).

Lagt fram.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Úrskurður nr. 98/2015 um veitingu starfsleyfis í samræmi við skipulag fyrir kjúklingabú á Norðurlandi eystra.

Lagt fram.

Neysluvatnsmál á Flateyri. Bréf ESA (European Space Agency) til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða vegna málsins.

Lagt fram.

Starfsmannabúðir á Grundartanga. Umsögn UST frá 14. desember s.l. vegna undanþágubeiðni um staðsetningu starfsmannabúða innan þynningarsvæðis á Grundartanga. UST leggst gegn því að Umhverfiráðuneytið veiti undanþágu.

Lagt fram.

Fundi slitið kl: 11.05

Næsti fundur áætlaður: mánudagur, 30. janúar 2017